



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skaftárhreppur
Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri
Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri

Reykjavík, 12. nóvember 2024
Tilvísun: 3081 / 202410-0092

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Hólmur, Skaftárhreppi, undirbúningur friðlýsingar

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að friðlýsingu fjögurra mannvirkja á Hólmi í Skaftárhreppi. Þann 7. nóvember 2024 var tillagan lögð fyrir fund húsafríðunarnefndar sem styður friðlýsingartillöguna.

Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 má friðlýsa þau hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Lagt er til að friðlýsingin taki til eftirtalinna mannvirkja á Hólmi: heimarafstöðvar og stíflu

íbúðarhúss

smíðaskóla

járnsmíðaverkstæðis, frystihúss og sláturhúss

Í samræmi við 19. gr. fyrrnefndra laga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum. Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en 14. nóvember n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu hússins.

Virðingarfyllt,
f. h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri húsverndarmála

Friðlýsingarskilmálar



Hús / mannvirki:	Hólmur, Skaftárhreppur
Fastanúmer*:	F2189497
Landnúmer*:	163367
Sveitarfélag:	Skaftárhreppur
Eigendur húsa / mannvirkja*:	Ingibjörg Runólfsdóttir, kt. 150569-3979 Rannveig Helgadóttir, kt. 210854-4369 Valdimar Runólfsson, kt. 090862-5889 Pröstur Helgason, kt. 230260-3709
Landeigendur*:	Ingibjörg Runólfsdóttir, kt. 150569-3979 Rannveig Helgadóttir, kt. 210854-4369 Valdimar Runólfsson, kt. 090862-5889 Pröstur Helgason, kt. 230260-3709
Byggingarár*:	
Umfang friðlýsingar:	Heimarafstöð og stífla (1938) / 140101 Járnsmiðaverkstæði, frystihús, sláturhús (1930) / 180181 Íbúðarhús (1930) / 030101 Smíðaskóli (1946) / 210101

Rökstuðningur friðlýsingar:

Hólmur í Landbroti er merkur staður í byggðasögu Skaftárhrepps og Vestur-Skaftafellsýslu á 20. öld. Hólmur gegndi mikilvægu hlutverki í sögu rafvæðingar á Íslandi ásamt þróun trésmiðanáms í dreifbýli á 20 öld. Þau mannvirki á Hólmi sem til stendur að friðlýsa hafa varðveist nánast óbreytt með verkfærum og búnaði og er menningarsögulegt gildi þeirra einstakt með tilliti til tæknisögu landsins og byggðasögu héraðsins.

Bjarni Runólfsson (1891-1938) bóndi og rafstöðvasmiður á Hólmi var frumkvöðull á sínum tíma við gerð heimarafstöðva í sveitum landsins. Hann tók við búi á Hólmi af foreldrum sínum árið 1920 og bjó þar til dánardags. Bjarni, sem var sjálfmenntaður vélsmiður og rafvirki, reisti á árunum 1921-1937 alls 101 rafstöð í ellefu sýslum landsins auk þess að smíða túrbínur fyrir aðra rafvirkja. Með framtaki sínu og hugviti átti Bjarni verulegan þátt í rafvæðingu íslenskra sveita með því að virkja bæjarlæki og stærri vatnsföll með fallhæð allt að 100 m.

Bjarni kom upp járnsmiðaverkstæði á Hólmi og þar fór hann að smíða túrbínur í heimarafstöðvar. Árið 1921 reisti Bjarni heimarafstöð við Rásina, kvísl úr Skaftá, skammt frá Hólmi. Í stöðinni var túrbína sem Bjarni hannaði og smíðaði, hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Heimarafstöðin á Hólmi hefur varðveist og ekki eru mörg ár síðan að notkun hennar var stöðvuð. Verkfæri og vélar sem Bjarni kom sér upp ásamt íhlutum við gerð á túrbínunum sótti hann meðal annars brotajárn og annað úr skipum sem höfðu strandað við strendur suðurlands og notaðist við gerð á verkfærum og vélum sínum ásamt við gerð á túrbínunum. Járnsmiðaverkstæði Bjarna stendur enn í óbreyttri mynd og verkfæri hans er til staðar í smiðjunni.

Bjarni Runólfsson byggði myndaleg bæjarhús úr steinsteypu á Hólmi um og eftir 1930 og eru innviðir þess upprunalegir. Auk nýs íbúðarhúss, járnsmíðaverkstæðis og eldsmiðju reisti Bjarni frystihús með tveimur frystiklefum, vélahús og sláturhús í byggingu sem áföst var járnsmíðaverkstæði hans. Eftir að Bjarni féll frá eignaðist Búnaðarfélag Íslands Hólm og stofnaði þar smíðaskóla árið 1945 sem talinn er fyrsti verkmenntaskóli á Íslandi. Bróðir Bjarna og ábúandi jarðarinnar, Valdimar Runólfsson, veitti smíðaskólanum forstöðu þau 17 ár sem hann starfaði. Smíðaskólinn var heimavistaskóli þar sem nemendur dvöldu á meðan námi stóð. Skólahúsið var byggt upp úr eldra íbúðarhúsi sem hækkað var um eina hæð. Það stendur enn, áfast íbúðarhúsi Bjarna, og er húsbúnaður, verkfæri og annað sem notast var við í skólanum enn til staðar.

Umhverfi og náttúra á landareign Hólms er merkileg og falleg. Sunnan megin eða fyrir aftan við bæinn er heimarafstöðin og til móts hennar er hinn sögufrægi Eldmessutangi þar sem hraunið frá Skaftáreldunum 1783 endaði. Viðhald á Hólmi hefur verið lítið sem ekkert verið sinnt um árabíl. Margt farið að láta verulega á sjá og liggur bærinn liggur skemmdum frá veðri og vindum. Mikill menningararfur er í hættu.

Úr lögum nr. 80/2012 um menningarmínjar:

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því.

Sæki eigandi um styrk úr húsafríðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Verði friðlýst hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni skuli hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti hvort skilgreina skuli að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðlýstu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum.

Ástandsmat á íbúðarhúsi, járnsmíðaverkstæði ásamt eldsmiðju, rafstöð og trésmíðaverkstæði á Hólmi í Skaftárhreppi (L163367) og tillögur að nauðsynlegum viðgerðum.

12. nóv. 2020

Aldís Sigfúsdóttir, byggingarverkfræðingur, MSc, PE

Verknr. 103-2020



Ljósmynd af Hólmi í Landbroti tekin af Magnúsi Skúlasyni 2002.

Málefni:

Ástandsmat á íbúðarhúsi, járnsmíðaverkstæði ásamt eldsmiðju, rafstöð og trésmíðaverkstæði á Hólmi í Skaftárhreppi (L163367) og tillögur að nauðsynlegum viðhaldsviðgerðum ásamt kostnaðaráætlun.

Saga og umhverfislýsing:

Bærinn Hólmur í Landbroti er norðan við Þjóðveg 1 og um 10 km vestan við Kirkjubæjarklaustur. Landslagið á Hólmi er fjölbreytt og svipar til Kirkjubæjarklausturs en Hólmur er á bökkum Skaftár með útsýni til tveggja jökla og Systrastapa í túnfætinum. Hólmur hefur komið við sögu í raflýsinga- og trésmíðamálum á Íslandi. En þar var ein fyrsta rafstöðin á Íslandi byggð og fyrsti verkmenntaskólinn á Íslandi stofnaður.

Á jörðinni skiptast á grjóhálsar og graslendi en vestast nær það í brún Skafareldahraunsins. Skaftá rennur norðan við túnið og skammt vestan við Hólmi er Dalbæjarstapi, þaðan sem árkvíslin Rás rennur. Á milli Rásarinnar og Skaftár er

Eldmessutangi, þar sem hraunaldan í Skaftáreldum átti að hafa stöðvast og Jón prófastur Steingrímsson flutti hina frægu eldmessuræðu 1783.

Bjarni Runólfsson fæddist 1891 og ólst upp á Hólmi. Hann fylgdist með og heillaðist mjög af uppsetningu rafstöðvar í Pykkvabæ í Landbroti 1913, sem tengdafaðir hans lét reisa. Þetta var önnur rafstöðin í sveit á Íslandi. Bjarni ákvað að virkja Rásina í Hólmi, smíðaði sjálfur túrbínu og byggði rafstöðina 1921. Þetta var fyrsta túrbínan sem smíðuð var á Íslandi. Báðar rafstöðvarnar höfðu tiltölulega litla fallhæð og voru um 2 Kw að stærð og nýttist rafmagnið til ljósa og eldunar á bæjunum. Næstu rafstöð setti Bjarni upp í Svínadal í Skaftártungu, þar sem vatnsmagnið var lítið en fallhæðin mikil eða yfir 50 m með þeim bræðrum Erki og Sigurjóni Björnssonum. Þeir bræður urðu svo samstarfsmenn hans við smíði rafstöðva ásamt Sigfúsi Vigfússyni á Geirlandi. Sigfús smíðaði túrbínur og setti upp rafstöðvar, mest í Skaftárhreppi en líka víðar um landið. Smíðaefnið í túrbínurnar var unnið úr járnhlutum sem sóttir voru í fjörur. Til að hjálpa sér með aðdrætti keypti Bjarni bifreið, sem kom ósamsett 1926. Bifreiðin var af gerðinni Ford T og var það fyrsta bifreiðin í héraðinu. Að mestu leyti notuðu Bjarni og félagar eigið brjóstvit við byggingu rafstöðvanna, en þeir höfðu líka undir höndum dönsku bókina: *Lommebog for Mekanikere* eftir Peder Lobben. Fjöldi manna kom að byggingu rafstöðvanna og á árunum 1926-1938. Talið er að Bjarni og bræðurnir frá Svínadal hafi sett upp einar 116 rafstöðvar víðs vegar um landið og að 92 túrbínur hafi verðið smíðaðar á verkstæði Bjarna, en fáar túrbínur voru fluttar inn.

Bjarni lét að sér kveða á fleiri sviðum. Á þessum tíma var allt fé rekið til Reykjavíkur og síðar Víkur til slátrunar. En um helmingi meira fékkst fyrir féð á fæti en fyrir saltað kjöt í tunnum. Vorið 1936 reisti Bjarni frystihús í Hólmi og keypti frystivélar og spírala af Sláturfélagi Suðurlands. Ári síðar reisti Kaupfélag Skaftfellinga þar sláturhús og fyrsta árið var um 6000 fjár var slátrað þar og fékkst gott verð fyrir frosna kjötið. Bjarni vann að stækkun sláturhússins og voru áætlanir um að slátra þar um 600 fjár á dag og frysta.

Bjarni Runólfsson lést skyndilega 1938 úr heilablóðfalli og þá aðeins 47 ára gamall. Þá var hann að byggja þriðju rafstöðina í Hólmi til að tryggja frystihúsinu og sláturhúsinu nægt rafmagn. Áður hafði stífla og aðrennslisrör að rafstöðinni verið endurbyggt nokkrum sinnum. Eftir fráfall Bjarna sá kona Bjarna, Valgerður Helgadóttir um búreksturinn næstu fjögur árin og að hennar frumkvæði eignaðist Búnaðarfélag Íslands jörðina. Þá tók við búrekstrinum bróðir Bjarna, Valdimar Runólfsson og kona hans Rannveig Helgadóttir, systir Valgerðar konu Bjarna.

Búnaðarfélag Íslands stofnaði Smíðaskóla í Hólmi og hófst rekstur hans árið 1946, eftir að ein hæð hafði verið byggð ofan á eldra íbúðarhúsið. Þetta var fyrsti

verkmenntaskólinn á Íslandi. Valdimar Runólfsson ábúandi var skólastjóri skólans og segja heimildir að hann hafi verið vinsæll meðal nemenda. Í Hólmaskóla, eins og hann var jafnan kallaður, voru að jafnaði 5 til 8 nemendur og stóð námið yfir í sex mánuði. Nemendur stunduðu smíðar í 7 tíma á dag og bókleg kennsla var í fjórar stundir á viku. Skólinn starfaði í 17 ár en árið 1963 var skólarekstri sjálfhætt, þar sem síðustu árin (1955-1963) var aðeins einn nemandi í skólanum á hverjum vetri. Alls stunduðu um 60 nemendur nám við skólann, sem voru alls staðar að af landinu. Er rekstri skólans var hætt af hálfu Búnaðarsambands Íslands eignaðist Valdimar jörðina. Valdimar og kona hans Rannveig féllu frá 1991 en þá hafði yngsti sonur þeirra Sverrir tekið við búinu. Sverrir er hættur búskap og í dag eru það börn og barnabörn Valdimars sem eiga jörðina.

Norðaustan við bæinn er heimagrafreitur um 0.3 ha að stærð, sjá mynd 1 (a). Bjarni Runólfsson var sá fyrsti sem var jarðsettur þar árið 1938. Í grafreitnum hvíla líka Valgerður kona Bjarna, foreldrar hans og Valdimar bróðir hans og Rannveig kona Valdimars. Legsteinarnir á hverju leiði eru með tilhöggvinni andlitsmynd af viðkomandi einstakling. Minningarsteinninn yfir leiði Bjarna er úr stuðlabergi og var myndin af honum gerð af Ríkarði Jónssyni, myndhöggvara, sjá mynd 1 (b).



(a)



(b)

Mynd 1. Heimagrafreiturinn á Hólmi (a) og legsteinarnir yfir leiði Bjarna Runólfssonar og konu hans Valgerði Helgadóttur (b).

Ástandsmat og úrbætur:


Ástandsmat og tillögur um nauðsynlegar úrbætur voru aðeins framkvæmdar fyrir eftirfarandi fjögur hús að Hólmi: íbúðarhúsið, járnsmíðaverkstæðið ásamt eldsmiðjunni, rafstöðina og trésmíðaverkstæðið (smíðaskólann). Rafstöðin og járnsmíðaverkstæðið ásamt eldsmiðjunni eru óupphituð rými, en íbúðarhúsið og smíðaskólinn eru upphitaðar byggingar.

Heillegustu húsin eru rafstöðin og járnsmíðaverkstæðið ásamt eldsmiðjunni, þá íbúðarhúsið og að síðustu skólahúsið. Tillögur um nauðsynlegar úrbætur miðast við að verja byggingarnar fyrir frekari skemmdum ásamt því að viðhalda upprunalegu útliti húsanna:

- Útveggir og þak húsanna gerð vind og vatnsþétt.
- Einangrun þaks upphitaðra bygginga standist byggingarreglugerð og gildandi staðla.
- Gólf og stigar standist byggingarreglugerð og gildandi staðla.
- Rafmagnsbúnaður og allar rafmagnsleiðslur standist gildandi staðla.
- Tryggja hagkvæma og örugga kyndingu íbúðarhúss og smíðaskóla og yfirfara neysluvatnsleiðslur.

1) Íbúðarhús (F2189497-03-0101)

Íbúðarhúsið var byggt 1930 (161.4 m²) og er að grunnfleti um 64 m², sjá mynd 2 (a). Húsið er steinsteypt tveggja hæða hús með risþaki og kvistum á norður- og suðurhlið og byggt við vesturgafli eldra íbúðarhúss, sjá mynd 2 (a). Árið 1945 var byggt ofan á eldra íbúðarhúsið við austurgafllvegg hússins og smíðaskólinn stofnaður. Séu eldri myndir af íbúðarhúsinu bornar saman við húsið eins og það lítur út í dag, sjá myndir 2 (a) og (b), má sjá að flestir gluggarnir á suður- og vesturhliðinni hafa verið endursmíðaðir þannig að nýjum póstum var bætt við neðst í gluggana og opnanlegu fögin færð neðst í þá. Sennilega hefur gluggunum verið breytt er byggt var ofan á gamla íbúðarhúsið. Gluggarnir á norðurhlið íbúðarhúss eru þeir upprunalegu, sjá mynd 3 (b).



(a)



(b)

Mynd 2. Íbúðarhúsið og hluti smíðaskólans um 1946 (a) og árið 2020 (b).



(a)



(b)

Mynd 3. Vestur- (a) og norðurhlið (b) íbúðarhúss.

Ástandsmat:

Íbúðarhúsið er steinsteypt tveggja hæða hús með risþaki og kvistum á suður- og norðurhlið. Að utanverðu er húsið pússað en að innanverðu eru veggir klæddir veggfóðri eða máluðum lóðréttum þiljum, sjá myndir 5 til 10. Gólf eru timburgólf með timbur burðarbitum og gólfborðum, þó mátti greina stálbita í lofti kjallara, sjá mynd 6 (a). Að undanskildu kjallaraloftinu þá eru loftin klædd að neðanverðu með viðarpanil eða hessían-stiga með álímdum maskínupappír.

Þakið er klætt þakjárn en líklegt er að burðarvirki þess séu innsteyptar kraftsperrur, klæddar borðaklæðningu og þakpakka. Á göflunum virðast ystu búrur þakjárns vera steypar inn í þakkantinn, sjá mynd 2 (b).

Flestir gluggar á suður- og vesturhliðinni hafa verið endurgerðir þannig að auka pósti var bætt við í neðsta hluta þeirra og opnanlega fagið fært neðst í gluggana. Aðrir gluggar hússins virðast vera þeir upprunalegu. Í gluggunum er einfalt gler.


Rafmagnið frá heimarafstöðinni var hætt að nota árið 2015. En sama ár setti Rarik upp litla rafmagnstöflu í kjallara íbúðarhúss/smíðaskólans. Taflan er með tvær rafmagnsinnstungur og 2-3 öryggi. Í eldhúsi er stór en gömul rafmagnstafla.

Neysluvatnið kemur frá vatnssupprettu með vatnshrúti í um 1 km fjarlægð frá bænum. Tveir tankar eru í kjallara íbúðarhúss/smíðaskóla eða einn fyrir kalda vatnið og annar fyrir upphitað vatn.

Gömul ketilstöð er í kjallara. Kynding hússins er með rafmagnsofnum. Vert er að benda á að sums staðar á Kirkjubæjarklaustri eru varmadælur notaðar til upphitunar á heitu vatni.

Skoðun leiddi ennfremur eftirfarandi í ljós:

- Þakjárn og rennur eru ryðgaðar og víða vantar niðurföll.
- Steyptur þakkantur ofan á þakjárninu við gaflana er víða brotinn, sjá mynd 2 (b).
- Verksummerki eru um vatnsleka í húsinu, en sumstaðar má sjá ummerki eftir raka og/eða rakatauma í veggjum og veggfóður hefur losnað af veggjum, eins og sjá má á myndum 7 og 8.
- Gluggar víða fúnir, sjá mynd 9 og lokað hefur verið fyrir gluggaop á austurgafli, sjá mynd 3 (b).
- Steyptar útitröppur brotnar.
- Veggjasteypan heilleg en þússningin er víða brotin og fallin af húsinu, sjá myndir 3 (a), 4 og 5.
- Sum gólf dúa er gengið er á þeim á meðan önnur eru tiltölulega stíf.
- Útveggir þykkir (~ 250 mm) og óeinangraðir.



(a)




(b)

Mynd 4. Grunnmynd (a) og steypuskemmdir við glugga á suðurhlíð íbúðarhúss (b).



Mynd 5. Skemmdir á pússningu norðurhliðar íbúðarhúss.



(a)



(b)

Mynd 6. Stálbiti í lofti kjallara (a) og dæmigerð hurð (b) í íbúðarhúsi.



(a)



(b)

Mynd 7. Rakaskemmdir í veggjum fyrstu (a) og annarar (b) hæðar íbúðarhúss.



(a)



(b)

Mynd 8. Rakaskemmdir í veggjum (a) og frágangur kverka (b) í íbúðarhúsi.



(a)



(b)

Mynd 9. Gluggar á annarri (a) og þriðju hæð (b) íbúðarhúss.



Mynd 10. Stiginn og handriðið upp á aðra hæð íbúðarhúss.

Nauðsynlegar úrbætur:

Fjarlægga steiptan þakkant sem er ofan á bárujárninu við gaflana. Endurnýja bárujárnið og fúnar sperrur, borðaklæðningu og vindskeiðar. Líklegt er að þakvirkið sé fúíð við gafla og vindskeiðar. Endursteypa steipta þakkantinn. Setja flasningar á þakið við seinsteypu gaflana er þekja nokkrar báruur þakjárnsins og fara yfir steipta þakkantinn. Einangra þakið með 220“ steinull.

Endursmíða alla glugga og þá eins og þeir voru upprunalega eða glugga með fjórum rúðum og hafa opnanlega fagið efst, sjá mynd 2 (a). Það styður líka við betri loftskipti að hafa opnanlegu fögin efst í gluggum frekar en neðst.

Brjóta upp steinsteypar útitröppur við inngang og steypa upp. Losa allan lausan múr á útveggjum og endurpússa.

Gólfborðin virðast í góðu standi þar sem þau sáust, en fara þarf yfir gólfborð og burðarbita þar sem sum gólfín dúuðu töluvert er gengið var á þeim á meðan önnur voru stíf. Endurnýja og/eða styrkja burðarbitana í gólfunum þar sem þess er þörf.

Fara yfir rafmagnsbúnað, endurnýja rafmagnstöflu og rafmagnsleiðslur. Ný rafmagnstafla myndi þjóna bæði íbúðarhúsinu og smíðaskólanum.

Útvega vatnsdælu í vatnsbrunn og leggja nýja vatnsleiðslu frá vatnsbrunni og út í íbúðarhús/smíðaskóla. Setja upp nýja vatnstanka fyrir heita og kalda vatnið er þjóna myndu íbúðarhúsinu og smíðaskólanum.

Endurnýja allar neysluvatnslagnir.

Gera ráð fyrir rafmagnskyndingu og að kalda vatnið sé hitað með rafmagni. Athuga með hagkvæmni á notkun varmadælu, en hún er víða notuð á Kirkjubæjarklaustri. Til að lágmarka kyndingarkostnað ætti að athuga hvor ekki kæmi til álita að einangra útveggina að innanverðu.

Tafla 1. Kostnaðaráætlun nauðsynlegrar framkvæmdir fyrir íbúðarhús

<i>Verkþáttur:</i>	<i>Magn:</i>	<i>Ein. verð: m. vsk.:</i>	<i>Alls þús. kr. m. vsk.:</i>	<i>Hlutdeild kostnaðar %:</i>
Nýtt þakstál m. rífi á eldra járn	~90 m ²	23,600	2,124	37.1%
Flasningar á kjöl og gafla	~30 m	17,600	528	
Borðaklæðning og festing við gaflveggi, endurnýjun	~20 m ²	22,600	452	
Þakeinangrun (220mm)	~90 m ²	11,000	990	
Þakkantur, endursteyptur	~20 m	110,000	2,200	
Múrbrot og pússun útveggja	~160 m ²	26,500	4,240	
Gluggar (~0.8m x 1.2m), smíði, ísetning og glerjun	18 stk	220,000	3,960	
Gluggar (~0.6m x 0.6m), smíði, ísetning og glerjun	4 stk	160,000	640	
Gluggar (~1.0m x 1.2m), smíði, ísetning og glerjun	1 stk	260,000	260	
Nýjir og styrktir burðarbitar í gólfum	heild	3,900,000	3,900	
Kaldavatnslögn frá vatnssuppsprettu (~0.6km), dæla, vatnskútar	heild	5,600,000	5,600	
Nýjar vatnslagnir	heild	6,800,000	6,800	
Nýjar rafmagnsleiðslur m. töflum, lýsingu, fjarskiptum	heild	9,600,000	9,600	
Nýjir rafmagnsofnar m. lögnum og tengingum	heild	4,200,000	4,200	
Annað t.a.m. múrbrot, tiltekt að innan og utan	heild	6,500,000	6,500	12.5%
<i>Umsjón, hönnun, ófyrirséð (20%):</i>			10,399	
Heild (þús. kr. m. vsk):			62,393	100%

2) Járnsmiðaverkstæði (F2189497-18-0101) og eldsmiðja (F2189497-16-0101)

Á bæjarhlaðinu, um 20 m fyrir austan skólahúsið, stendur einnar hæðar járnsmiðaverkstæði sem byggt var 1930 (34.0 m²), sjá mynd 11. Áfast við og vinstra megin við inngang þess er eldsmiðjan (5.0 m²) steinsteypt hús að grunnfleti, þar sem kopar og járn voru brædd í fyrir járnsmiðina. Áfast við austurgافل járnsmiðaverkstæðisins er steinsteypt hús, sem byggt var 1936 sem frystigeymsla (32.4 m²). Sama ár var svo byggt sláturhús (59.8 m²) við austurgافل frystigeymslunnar. Rafmagn er í byggingunum en húsin eru óupphituð.

Í grunninn er járnsmiðaverkstæðið eins og þegar Bjarni Runólfsson féll frá. Mynd 12 úr smiðjunni sýnir t.d. hvernig verkfærunum hefur verið skipulega raðað á veggina.




(a)



(b)

Mynd 11. Suður- (a) og norðurhlið (b) járnsmíðaverkstæðis, frystihúss og sláturhúss.



Mynd 12. Verkfæri og tól í járnsmíðaverkstæðinu.


Ástandsmat:

Eldsmiðjan er steinsteypt hús með einhalla timburþaki klætt bárujárni. Veggjasteypan er heilleg og ómeðhöndluð að utan og innan, en sprungur eru í steypunni út frá hurðarhornum.

Járnsmíðaverkstæðið er steinsteypt hús með risþaki byggt upp af innsteyptum kraftsperrum úr timbri, kæddum borðaklæðningu, þakpappa og bárujárni, sjá myndir 14 og 15. Alls eru fimm gluggar á húsinu og eru þeir allir með einfalt gler og innsteyptir. Útihurðin samanstendur af einfaldri borðaklæðningu. Húsið er óupphitað og eru veggir og þak óeinangraðir. Steinsteyptir veggir eru ómeðhöndlaðir að innanverðu en að utan eru þeir þaktir pússningarlagi. Veggjasteypan er heilleg og steypujárn hafa verið sett við steypu opin, sjá t.d. mynd 14 (b). Í hnotskurn er veggjasteypan og burðarvirki í þaki heillegt en:

- Pússning utan á steinsteyptu veggjunum er víða brotin og fallin af húsinu.
- Gluggar víða fúnir.
- Ryðgað bárujárn á þaki. Vatn lekur meðfram hliðum þess og inn í verkstæðið. Þakklæðning er sumstaðar fún meðfram gaflveggjum. Auk þess skortir

Þakkæðninguna stuðning við steypa gafflveggi. Það getur þess vegna verið varhugavert að vera á þakinu við gafflveggina.




(a)

(b)

Mynd 13. Grunnteikning (a) og suðurhlíð (b) járnsmíðaverkstæðis og frystigeymslu.




(a)



(b)

Mynd 14. Sperrur innsteyptar í járnsmíðaverkstæðinu (a) og steypujárn í kringum op á frystigeymslu (b).



Mynd 15. Kraftsperra í þaki (a) og frágangur borðaklæðningar þaks við steypa gaflveggi (b) í járnsmíðaverkstæðinu.

Nauðsynlegar úrbætur:

Endurnýja þakjárnid á járnsmíðaverkstæðinu og eldsmiðjunni svo og fúna þakviði við gaflveggina. Í járnsmíðaverkstæðinu þarf að múrbolta sperrur á gaflveggina fyrir þakborðin. Setja þakflasningar á þakjárnid við gaflveggina og upp á steypa gaflveggi þannig að vatn seytilist ekki inn. Hreinsa lausa þússningu á útveggjum járnsmíðaverkstæðisins og endurþússa og endursmíða glugga. Endurnýja rafmagnsbúnað og rafmagnslagnir.

Tafla 2. Kostnaðaráætlun fyrir nauðsynlegar framkvæmdir fyrir járnsmíðaverkstæðið og eldsmiðjuna


<i>Verkþáttur:</i>	<i>Magn:</i>	<i>Ein. verð:</i> <i>m. vsk.:</i>	<i>Alls þús.</i> <i>kr.</i> <i>m. vsk.:</i>	<i>Hlutdeild</i> <i>kostnaðar</i> <i>%:</i>
Nýtt þakstál m. rífi á eldra járn	~55 m ²	23,500	1,293	51.1%
Flasningar á kjöl og gafla	~35 m	18,000	630	
Borðaklæðning og festing við gaflveggi	heild	22,000	22	
Sprunguviðgerðir	~15 m	22,000	330	
Múrbrot og þússað (áætlað)	~20 m ²	29,000	580	
Gluggar (~0.8m x 1.5m), smíði, ísetning og glerjun	4 stk	280,000	1,120	
Nýjar rafmagnsleiðslur m.töflum, lýsingu, inntaki	heild	1,600,000	1,600	20.6%
Annað t.a.m. tiltekt innan- og utanhúss	heild	2,200,000	2,200	28.3%
<i>Umsjón, hönnun, ófyrirséð (20%)</i>			1,555	
Heild (þús. kr. m. vsk.):			9,330	100%

3) Rafstöð (F2189497-14-0101)

Stífan er undanskilin í þessari úttekt. Rafstöðin var byggð 1938 (18.7 m²) og er við árkvíslina Rásina, sjá mynd 16 (a). Á myndinni hinum megin árinna má sjá síðustu metra Skafáreldahraunsins, en mynd 17 sýnir Eldmessutangann og Systrastapa.



(a)



(b)

Mynd 16. Rafstöðin við Rásina (a) og grunnteikning (b)



Mynd 17. Rásin og endi Skafáreldahrauns (Eldmessutangi) við Rafstöðina.

Ástandsmat:

Húsið er uppsteipt með einhalla þak sem klætt er bárujárni. Húsið er óupphitað og óeinangrað, steiptir veggir eru ómeðhöndlaðir að utan og innan og gólfið er moldargólf. Timburpakið er klætt pappa undir bárujárnið. Bárujárnið er orðið ryðgað og það nær ekki út fyrir steipta vegg þannig að vatn lekur inn í húsið, sjá verksummerki á mynd 19 (a). Þakviðir heillegir og festingar hafa verið styrktar með stálvinklum, sjá mynd 18 (b). Ágætis járnhurð er á húsinu, sjá mynd 19 (b).



Mynd 18. Þakviðir og festingar



(a)

(b)

Mynd 19. Þakviðir (a) og karmur úthurðar (b)

Nauðsynlegar úrbætur:

Þar sem þakjárnid er orðið ryðgað og það lekur vatn með þakinu og inn í rafstöðina er nauðsynlegt að skipta um þakjárn. Neðri endi þakjárnsins skal ná út fyrir steiptan vegg. Á göflunum skal setja flasningar er beyjast upp og yfir steipta þakkantinn, sem er um 20-30 cm hærri en þakið.

Tafla 3. Kostnaðaráætlun fyrir nauðsynlegar framkvæmdir fyrir rafstöðina

<i>Verkþáttur:</i>	<i>Magn:</i>	<i>Ein. verð: m. vsk.:</i>	<i>Alls þús. kr. m. vsk.:</i>
Nýtt þakstál m. rífi á eldra	~21 m ²	22,500	473
Flasningar	~8 m	18,500	148
Renna og niðurföll	~10 m	22,000	220
Annað t.a.m. múrbrot, frágangur röra og tiltekt	heild	1,500,000	1,500
<i>Umsjón, hönnun, ófyrirséð (20%)</i>			468
Heild (þús. kr. m. vsk.):			2,809

4) Trésmíðaverkstæði (F2189497-21-0101)

Áfast við íbúðarhúsið að austanverðu er trésmíðaverkstæðið eða smíðaskólinn (141.6 m²) eða um 77 m² að grunnfleti, sjá mynd 20 (b). Húsið er steinsteypt hæð með kjallara og rispaki ásamt stórum kvistum. Fyrsta hæðin ásamt kjallaranum var eldra íbúðarhúsið sem byggt var fyrir 1930, sjá mynd 20 (a). Er smíðaskólinn var stofnaður 1945 var byggt ofan á eldra íbúðarhúsið og voru útveggir hússins notaðir sem mótauppsláttur fyrir innra byrði veggjamótanna og steyppt upp með eldri útveggjasteypunni og útveggir hækkaðir og byggðir stórir kvistir ásamt rispaki.

Gluggum eldra íbúðarhúss var breytt eins og gluggunum í íbúðarhúsinu eða nýjum póstum bætt við og opnanlega fagið fært neðst í gluggana, sjá myndir 20 (a) og (b).

Mynd 22 sýnir verkfæraskápin og ýmsan smíðavið í vinnustofu trésmíðaverkstæðisins.



(a)



(b)

Mynd 20. Íbúðarhúsið og smíðaskólinn um 1946 (a) og árið 2020 (b)



(a)



(b)

Mynd 21. Norður- (a) og austurhlið (b) skólahúss.



Mynd 22. Vinnustofnan á fyrstu hæð smíðaskólans.

Ástandsmat:

Húsið er steinsteypt með kjallara, hæð og risi með stórum kvistum á suður- og norðurhlið hússins. Að utanverðu er steinsteypan þússuð en að innanverðu eru steyptir veggir óeinangraðir. En vegna þess að steyp var utan á eldri útveggi þá eru útveggirnir neðri hæðanna tvöfaldir og mjög þykkir. Í eldra húsnæðinu voru upprunalegu gluggarnir endurnýjaðir með nýjum og fleirum þóstum og opnanlega fagið fært neðst í gluggana. Sennilega var gluggum eldra húsnæðis breytt er byggt var ofan á það. Allir gluggar eru með einfalt gler. Þakið er sennilega byggt upp af innsteyptum kraftsperrum, sem klæddar eru borðaklæðningu og þakpappa. Við austurgafflinn virðast járnplöturnar vera steypar inn í þakkantinn. Við skoðun kom líka eftirfarandi í ljós:

- Þakjárn ryðgað og er mikill vatnsleki inn í húsið, sérstaklega í vesturhluta þess.
- Rennur ryðgaðar og víða vantar niðurföll, sjá mynd 24 (a).
- Veggjasteypa sjálf virðist heilleg en þússningin er víða farin að molna af steypunni, sjá t.d. myndir 23 og 24.
- Gluggar ónýtir, sjá mynd 25.
- Steinsteyptar tröppur ónýtar, sjá mynd 23 (b).
- Miklar skemmdir eru í gólfum, stiga og lofti í vesturhluta skólans vegna mikils vatnsleka frá þaki, sjá myndir 27, 28 (a) og 29.
- Gólfið og hluti lofts í smíðakjallaranum virðist heillegt, sjá mynd 26.



(a)



(b)

Mynd 23. Suðvesturhorn (a) og steyptar útitröppur (b) smíðaskólans.



(a)



(b)

Mynd 24. Þakkantur suðvesturhorns (a) og norðausturhorn (b) smíðaskólans.




(a)



(b)


Mynd 25. Gluggar á suður (a) og norðurhlið (b) smíðaskólans.



Mynd 26. Viðarborðin í gólfi (a) og lofti (b) kjallara smíðaskólans.



Mynd 27. Vestasti hluti gólf (a) og loft (b) fyrstu hæðar smíðaskólans.



Mynd 28. Neðsti (a) og efsti (b) hluti stigans upp á aðra hæð í vestur hluta skólans.



Mynd 29. Loftið yfir fúna stiganum á mynd 28 í smíðaskólanum.

Nauðsynlegar úrbætur:

Skipta þarf um þakjárníð og endurnýja fúna þakviði, klæðningu og sprerrur, eins og við gafla, í vesturhluta þaks og í vindskeiðum. Endursteypa steypa þakkantana á göflunum. Setja flasningar á þakið við seinsteypu gaflana er þekja nokkrar búrur þakjárnsins og fara yfir steypa þakkantinn. Einangra þakið með 220“ steinull.

Endursmíða stóran hluta gólfa og lofta í vesturenda byggingar svo og neðsta hluta stigans er liggur upp á aðra hæðina. Endurnýja alla glugga hússins. Hreinsa alla gamla þússningu af húsinu og endurþússa alla útveggi. Brjóta upp útitröppurnar og endursteypa.

Endurnýja allt rafmagn ásamt lýsingu í húsið. Endurnýja allar neysluvatnslagnir og alla rafmagnsofna.

Tafla 4. Kostnaðaráætlun fyrir nauðsynlegar úrbætur fyrir trésmíðaverkstæðið

<i>Verkþáttur:</i>	<i>Magn:</i>	<i>Ein. verð m. vsk.:</i>	<i>Alls þús. kr. m. vsk.:</i>	<i>Hlutdeild kostnaðar %:</i>
Niðurbrot þakhæðar (ris og gólf)	~80 m ²	23,500	1,880	35.3%
Flasningar á kjöl og gafla	~30 m	17,600	528	
Kraftsperrur (~1 m), endurnýjun	~4 stk	190,000	760	
Borðaklæðning, endurnýjun	~20 m ²	22,600	452	
Þakeinangrun (220mm)	~80 m ²	11,000	880	
Þakkantur, endursteyptur	~20 m	110,000	2,200	
Múrbrot og þússun útveggja (allir veggir)	~220 m ²	26,600	5,852	
Gluggar (~0.5 m x 0.8 m), smíði, ísetning og glerjun	2 stk	150,000	300	
Gluggar (~0.6 m x 0.6 m), smíði, ísetning og glerjun	5 stk	130,000	650	
Gluggar (~1.0 m x 1.2 m), smíði, ísetning og glerjun	9 stk	260,000	2,340	
Ný gólf (bitar, einangrun, loftaþiljur)	~35 m ²	42,000	1,470	
Nýjir og styrktir burðarbitar í gólfum	~40 m ²	22,000	880	
Nýjar neysluvatnslagnir	heild	7,600,000	7,600	48.8%
Nýjar rafmagnsleiðslur m. töflum, lýsingu, inntaki.	heild	13,800,000	13,800	
Nýjir rafmagnsofnar m. lögnum og tenginum	heild	3,800,000	3,800	
Annað t.a.m. múrbrot, tiltekt að innan og utan	heild	8,200,000	8,200	
<i>Umsjón, hönnun, ófyrirséð (20%)</i>			10,318	15.9%
<i>Heild (þús. kr. m. vsk.):</i>			61,910	
				100%

Niðurstaða:

Af öllum þessum fjórum húsum eru rafstöðin og járnsmíðaverkstæðið ásamt eldsmiðjunni heillegust, þá íbúðarhúsið og að síðustu trésmíðaverkstæðið (smíðaskólinn).

Það þarf að endurnýja bárujárnið á þaki allra húsanna svo og fúna þakviði eins og borðaklæðningu og sperrur við gafla og vindskeiðar. Einangra þök íbúðarskólans og smíðaskólans. Á íbúðarhúsi og smíðaskóla þarf að steypa aftur upp þakkanta. Tryggja þarf með flasningum, rennum og niðurföllum að vatn renni ekki inn í húsin. Alla glugga þarf að endursmíða og þá í samræmi við upprunalegu gluggana og glerja með tvöföldu gleri.

Veggjasteypan í öllum byggingunum er heilleg. Þússningin á þússuðum útveggjum er víða laus og brotin. Brjóta þarf alla lausa þússningu af útveggjum og þússa aftur. Úttröppur íbúðarhúss og smíðaskóla þarf að brjóta niður og steypa aftur upp.

Gólf eða hluti gólfa í íbúðarhúsi og smíðaskóla þarf að styrkja og/eða endurbyggja.

Endurnýja allan rafbúnað, rafmagnsleiðslur og lýsingu.

Endurnýja allar neysluvatnslagnir í íbúðarhúsi og smíðaskóla. Leggja nýja vatnsleiðslu frá uppsprettu að íbúðarhúsi/smíðaskóla og koma fyrir vatnsdælu. Útvega tvo vatnstanka fyrir íbúðarhúsið og smíðaskólann þar sem annar er fyrir kalda vatnið og hinn fyrir það upphitaða. Vatnið hitað með rafmagni en m.t.t. kostnaðar er vert að athuga með notkun á varmadælu eins og víða er notað á Kirkjubæjarklaustri.

Endurnýja alla rafmagnsofna og rafmagnsleiðslur fyrir íbúðarhús og smíðaskóla.

Heildarkostnaður við nauðsynlegar útbætur á hússkel allra bygginganna að utanverðu ásamt endurnýjun á rafbúnaði, rafmagnsofnum og raf- og vatnslögnum er áætlaður um 136 millj. kr., sjá töflu 5. Aðeins um 9% af þeim kostnaði eru úrbætur vegna rafstöðvarinnar, járnsmíðaverkstæðis og eldsmiðjunnar eða alls um 12 millj. kr. en íbúðarhúsið og smíðaskólann um 60 millj. kr. hvort. Samkvæmt sundurliðuðum kostnaði fyrir íbúðarhúsið og smíðaskólann í töflu 1 og 4, þá er kostnaður vegna endurnýjun rafbúnaðar, ofna, raf- og vatnslagna um 50% af heildarkostnaðinum.

Tafla 5. Heildarkostnaður nauðsynlegra viðgerða eftir byggingum

<i>Bygging:</i>	<i>Alls þús. kr. m. vsk.</i>	<i>% af heildarkostnaði</i>
Íbúðarhús	62,393	46%
Járnsmíðaverkstæði og eldsmiðjan	9,330	7%
Rafstöðin	2,809	2%
Trésmíðaverkstæði	61,910	45%
<i>Heild (þús. kr. m. vsk.):</i>	136,441	100%

Heimildir:

- 1) Hólmur í Landbroti, verndarsvæði í byggð eftir Ragnheiði Gló Gylfadóttur, FS697-18161, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2018.
- 2) Dynskógar, 2 bindi. Héraðsrit Vestur-Skaftfellinga.
- 3) <https://eldsveitir.is/2019/10/18/bjarni-i-holmi/>
- 4) <https://eldsveitir.is/2019/10/18/smidadaskolinn-i-holmi/>
- 5) <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/774495/>
- 6) <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1138801/>

Hólmur í Landbroti
Svæði til friðlýsingar



Skýringar

- Fornleifaskráning_WFS
- Fornleifar_punktar
- Fornleifar_áakar
- Fornleifar_linur
- Hólmur_friðlýsing_svæði